

10. OKTÓBER  
2024

HARPA  
ELDBORG

# Sigrún leikur Brahms

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverks.

---

## Tímalengd verka

Forleikur 6'

Fiðlukonsert 40'

Sinfónía 37'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Sigrún leikur Brahms

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 10. OKTÓBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen  
hljómsveitarstjóri

Sigrún Eðvaldsdóttir  
einleikari

Grażyna Bacewicz  
Forleikur (1943)

Johannes Brahms  
Fiðlukonsert í D-dúr, op. 77 (1878)

Hlé

Thomas Larcher  
Sinfónía nr. 2, „Kenotaph“ (2015-2016)  
I Allegro  
II Adagio  
III Scherzo, Molto Allegro  
IV Introduzione, Molto Allegro

For information in English  
about tonight's programme,  
please visit the Iceland  
Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Eva Ollikainen

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2020 og er fyrsta konan sem gegnir þeirri stöðu. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panulakeppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Tveimur árum síðar kom Eva fyrst til Íslands þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara. Í kjölfarið stjórnaði hún þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði SÍ í fyrsta sinn í Hörpu en skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmoníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á PROMS – tónlistarhátíð Breska útvarpsins í ágúst 2022, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA. Skömmu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Fílharmoníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl. Eva hefur lagt áherslu á flutning og hljóðritun verka íslenskra tónskálda með Sinfóníuhljómsveit Íslands og má nefna útgáfu Sono Luminus á hljómdisknum ARCHORA / AÍÖN með verkum Önnu Þorvaldsdóttur árið 2023 í því samhengi. Að áliti *New York Times* var diskurinn í hópi bestu klassísku diska ársins 2023 og *Boston Globe* valdi hann einn af tíu bestu klassísku diskum ársins.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hafði hún frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að stjórna hljómsveitinni.



# Sigrún Eðvaldsdóttir

## EINLEIKARI

Sigrún Eðvaldsdóttir hóf fiðlunám fimm ára gömul hjá Gígyu Jóhannsdóttur í Barnamúsíkskólanum í Reykjavík. Hún lærði hjá Guðnýju Guðmundsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem hún lauk einleikaraprófi árið 1984. Þá fór hún til Bandaríkjanna og lauk bakkalárgráðu frá Curtis-tónlistarháskólanum í Filadelfíu árið 1988 þar sem hún lærði hjá Jaimee Laredo og Jascha Brodsky. Samhliða náminu sótti hún einkatíma hjá hjónunum Almitu og Roland Vamos. Sigrún hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra fiðlukeppna og m.a. unnið önnur verðlaun í Leopold Mozart-keppninni árið 1987, bronsverðlaun í Sibelíusar-keppninni árið 1990 og önnur verðlaun í Carl Flesch-keppninni árið 1992. Það sama ár hlaut hún bjartsýnisverðlaun Bröste. Hennar var getið sem eins af áhugaverðustu fiðluleikurum framtíðarinnar í bók Henry Roth: *Violin Virtuosos from Paganini to the 21st Century* sem kom út árið 1997 og einnig í tónlistartímaritinu *Le Monde de la Musique* árið 1998. Sama ár var Sigrún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín á sviði tónlistar.

Sigrún hefur komið víða fram sem einleikari, m.a. í Weill Recital Hall í New York og Wigmore Hall í London og hefur hún leikið alla helstu fiðlukonserta 19. og 20. aldarinnar. Hún hefur jafnframt hljóðritað fjóra konserta með Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar á meðal Brahms konsertinn, sem kom út árið 2015. Árið 2005 flutti hún allar sönötur Beethovens fyrir fiðlu og píanó á Listahátíð í Reykjavík. Hún hefur alla tíð leikið kammertónlist af kappi og komið fram á fjölmörgum tónlistarhátíðum út um allan heim. Hún var gestaleiðari í Konunglegu dönsku óperunni um tíma og hefur einnig heimsótt aðrar hljómsveitir. Hún hefur gegnt stöðu 1. konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands síðan 1998.



# Grażyna Bacewicz

## FORLEIKUR

Grażyna Bacewicz (1909-1969) var afkastamikið pólskt tónskáld sem lengi vel var aðeins þekkt í heimalandi sínu, en hefur nýverið farið að vekja athygli utan þess. Barnung hóf hún tónlistarnám í heimabæ sínum Łódź, en fimmtán ára gömul hóf hún nám í tónsmíðum, fiðlu og píanói við Tónlistarháskólann í Varsjá. Árið 1932 fékk hún styrk til að fara til Parísar og læra tónsmíðar hjá Nadíu Boulanger. Fiðluferillinn blómstraði ásamt orðspori hennar sem tónskáld; hún lærði hjá Carl Flesch í París og ferðaðist um Evrópu sem einleikari. Í heildina samdi hún sjö fiðlukonserta og var sjálf einleikari við frumflutning þeirra. Eftir að hún sneri aftur til Varsjár varð hún konsertmeistari pólsku útvarpshljómsveitarinnar rétt áður en seinni heimsstyrjöldin braust út. Þrátt fyrir ófriðinn hélt hún áfram að halda leynilega tónleika og að semja tónverk, meðal annars Forleikinn árið 1943, sem var frumfluttur í lok stríðsins árið 1945, á Kraków-hátíð samtímatónlistar.

Forleikurinn er um sex mínútur að lengd og er athyglisverður í bæði formi og útsetningu. Hraður upphafskafllinn sýnir framúrskarandi hæfileika Bacewicz til að skrifa tónlist sem er á stöðugri hreyfingu, með strengjum sem drífa taktinn áfram. Málmblasturshljóðfæri grípa inn í með stuttum frösnum og spennan byggist stöðugt upp þar til runnið er inn í millispil fyrir horn og flautu. Í öðrum hluta forleiksins hægir verulega á. Þessi nýi kafli, merkur Andante, er leiddur áfram af háum tréblásturshljóðfærum sem leika blíðar laglínur. Hér fáum við að heyra óvenjulegan samhljóm sellóa, horna og tréblásturshljóðfæra sem gefur verkinu skemmtilegan lit. Í stað þess að halda áfram með lagræna þróun úr Andante-kaflanum steypumst við aftur í órólega orku upphafskafllans og er síðasti hlutinn byggður á efni sem fram kom í honum. Notkun slagverks og horna til þess að brjóta upp þessa stöðugu hreyfingu í strengjum og tréblásturshljóðfærum og boða heróp er sérlega áhrifarík.



# Johannes Brahms

## FIÐLUKONSERT

Johannes Brahms (1833-1897) er einn af máttarstólpum rómantískrar tónlistar. Tilfinningalegt ríkidæmi og dýpt einkenna verk hans sem byggja sterklega á hefðum og formum klassíska tímabilsins. Því má segja að tónlist Brahms brúi bilið milli klassíska og rómantíska tímabilsins og var hann ákaflega leikinn í að bæta nýjungum við hefðina. Hann samdi fjórar sinfóníur, tvo píanókonserta, einn fiðlukonsert og einn tvöfaldan konsert fyrir fiðlu og selló, smærri hljómsveitarverk, kammerverk og kórverk. Hann hóf ungur tónlistarnám hjá föður sínum og ótvíræðir tónlistarhæfileikar komu fljótlega í ljós. Sjö ára fór hann svo í læri til Otto Friedrich Willibald Cossel sem hafði litla þolinmæði gagnvart tónsmíðaaáhuga Brahms og sagði: „Brahms gæti orðið flinkur píanóleikari en hann neitar að hætta tónsmíðum.“ Tólf ára hóf hann svo nám hjá Eduard Marxsen í píanóleik og tónsmíðum. Marxsen þekkti bæði Beethoven og Schubert persónulega og bar mikla virðingu fyrir J. S. Bach, Mozart og Haydn og innrætti Brahms djúpstæða virðingu fyrir þýskri tónlistararfleifð og fyrirrennum hans. Brahms var því mjög meðvitaður um hlut sinn í arfleifð þýskrar tónlistar og mikilvægi sitt í henni.

Fiðlukonsert í D-dúr, op. 77, samdi Brahms árið 1878 og er gott dæmi um hollustu hans við hefðina. Segja má að vinátta tónskáldsins og fiðluleikarans Joseph Joachim sé lykillinn að þessu verki. Þeir kynntust þegar Brahms stóð á tvítugu, og vinátta þeirra og samstarf stóð yfir í meira en fjórtíu ár. Joachim, sem var einn af fremstu fiðluleikurum tímabilsins, gaf Brahms ómetanleg ráð varðandi tæknilega þætti fiðlunnar og hvatti Brahms til þess að semja konsert sem yrði krefjandi en um leið músíkalskur. Konsertinn samdi tónskáldið fyrir Joachim, sem frumflutti hann í Leipzig á nýársdag árið 1879. Brahms treysti á ráðleggingar Joachims við mótun einleikspartsins sem varð til þess að konsertinn er eins konar prófsteinn á hæfni einleikarans, bæði á sviði tækni og túlkunar, án þess

þó að grípa til yfirborðslegra tilþrifa. Þessi nálgun varð til þess að gagnrýnendur voru ekki á einu máli um gæði einleikspartsins þegar þeir heyrðu verkið fyrst, en það tók ekki langan tíma fyrir viðtökurnar að verða mjög jákvæðar. Bæði áheyrendur og tónlistarfólk kunnu að meta það jafnvægi sem hann bauð upp á milli tæknilegrar áskorunar og tónlistarlegrar dýptar.

Fyrsti þátturinn, Allegro non troppo, byrjar með djörfu einródduðu þema í hljómsveitinni, byggðu á D-dúr þríhljómi, sem leggur grunninn að dramatísku upphafi einleikarans. Fyrri stefjaefnið þróast svo í gegnum ýmsar útfærslur bæði hjá hljómsveitinni og einleikara. Eftir mikla flugeldasýningu má svo heyra lýrískt seinna stef sem gefur einleikaranum færi á að heilla áheyrendur upp úr skónum með tilfinningaþrungnum leik. Í kóða kaflans sem hefst á eftir kadensunni rís einleikarinn upp á draumkenndan hátind áður en upphafsþemað kemur aftur. Róleg og lágstemmd laglína einkennir annan kaflann, Adagio. Í upphafi kaflans er það óbúið sem leikur hana við undirleik tréblásturshljóðfæra. Í kjölfarið grípur einleikarinn stefið og leikur undir ástríðufullum meðleik strengja. Með þessari hljóðfæraútfærslu tekst Brahms að draga fram gríðarlega áhrifaríka andstæðu því þó svo að tónefnið sé sambærilegt er upplifunin allt önnur. Saman mynda hljómsveitin og einleikari svo ævintýrlegan vef sem þykkist og verður flóknari allt þar til aðalþemað snýr aftur með yfirvegun sinni og ró. Lokakaflinn, Allegro giocoso, er fjörugur og ærslafullur og ber með sér ungverskt yfirbragð. Ungverski fiðluleikarinn Eduard Reményi var annar góður vinur Brahms og líklega er kaflinn honum til heiðus í þakklátisskyni fyrir að Reményi hafi kynnt Brahms fyrir ungverskri þjóðlagatónlist. Kraftmikil og kát hrynjandi og þjóðleg þemu einkenna kaflann, þar sem einleikarinn fær heldur betur að sýna leikni sína.

Þrátt fyrir galsafenginn lokakaflann er fiðlukonsertinn alvöruþrungið verk sem endurspeglar hollustu Brahms við hina sterku hefð þýskrar tónlistar. Hann fann stöðugt fyrir þunga forvera sinna og reyndi af fremsta megni að mæta þeim kröfum sem hann gerði til sjálfs sín. Brahms er þekktur fyrir gríðarlega nákvæmni í tónlistarsköpun sinni og hann sat yfir hverjum einasta takti til þess að tryggja að hver nóta legði sitt af mörkum til heiðarleika verksins og ber þessi konsert þess augljós merki. Niðurstaðan er glæsilegur og tilfinningaþrunginn fiðlukonsert sem hefur orðið eftirlæti fjölmargra fiðluleikara og áheyrenda um allan heim.





# Thomas Larcher

## SINFÓNÍA NR. 2: „KENOTAPH“

Hinn austurríski Thomas Larcher (1963) er einn helsti tónsmiður samtímans. Tónlist hans sameinar íhugula hljómræna áferð og hugmyndaríkar flutningsleiðir þar sem samtal milli tilrauna og hefðar ræður ríkjum. Margar af virtustu hljómsveitum heims hafa flutt verk hans og sem dæmi má nefna bæði Berlínar- og Vínarfilharmóníurnar. Þegar Larcher hóf vinnu við sínfóníuna ætlaði hann að semja hljómsveitarkonsert en verkið þróaðist í klassíska sínfóníu sem þó heldur einhverjum sérkennum upphaflegu hugmyndarinnar, svo sem nánd smærri hjóðfæra-samsetningar og kraft sínfóníuhljómsveitarinnar. Sínfónían, sem frumflutt var af Vínarfilharmóníunni árið 2016, fangar leit Larchers að sögulegum tónlistarformum. Larcher lýsir því á eftirfarandi hátt: „Ég vildi kanna birtingarmynd tónlistarsögunnar í ljósi þeirra breytinga (tónlistarlegra og mannlegra) sem við höfum séð á lífsleiðinni. Hvernig getum við fundið tónmál sem talar til okkar tíma? Og hvernig geta hin gömlu form talað til okkar? Þetta eru spurningar sem ég spyr mig oft. Þetta verk snýst mikið til um mismunandi tegundir orku: samvafna, dreifða, slétta, hreyfanlega eða ofsafengna.“

Undirtitillinn „Kenotaph“ merkir táknrænt (og tómt) grafhýsi fyrir þann sem er týndur og finnst ekki. Sínfóníuna samdi Larcher til minningar um flóttafólk sem á undanförunum árum hefur drukkað í Miðjarðarhafinu. Hún er hefðbundin í uppbyggingu, samanstendur af fjórum þáttum: Allegro, Adagio, Scherzo (Molto Allegro) og Introduzione (Molto Allegro). Hver kafli er sértæk rannsókn á tónheimum og kröftum sem skapa vef hljóms þar sem leikið er með jafnvægið milli óreiðu og samhljóms. Larcher semur fyrir stóra sínfóníuhljómsveit með miklu slagverki, selestu og píanói sem gerir honum kleift að skapa ríkulegt og fjölbreytt hljóðlandslag í verkinu. Gagnrýnendur hafa ausið verkið lofi og hampað sérstaklega tilfinningalegri dýpt verksins og hvernig Larcher tekst að varpa ljósi á harmleik í samtíma okkar.

*Þorbjörg Daphne Hall*

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Igor Yuzefovich  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Laura Liu  
Geirbrúður Ása Guðjónsdóttir  
Skelton  
Joanna Bauer  
Andrzej Kleina  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Lin Wei  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Emma Garðarsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir

## 2. fiðla

Anton Miller  
Gunnhildur Daðadóttir  
Sólruv Ylfa Ingimarsdóttir  
Hekla Finnsdóttir  
Þórdís Stross  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Justyna Bidler  
Ingrid Karlsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Sólveig Steinþórsdóttir  
Kristján Matthíasson

## Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Rita Þorfiris  
Fidel Atli Quintero Gasparsson  
Þórhildur Magnúsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Kathryn Harrison  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Hrafkell Orri Egilsson  
Urh Mrak  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Hrafnhildur Marta  
Guðmundsdóttir

## Bassi

Xun Yang  
T.C. Fitzgerald  
Þórir Jóhannsson  
Richard Korn  
Jacek Karwan  
Hávarður Tryggvason

## Flauta

Lilja Steininger  
Áshildur Haraldsdóttir  
Caterina Compagno

## Óbó

Julia Hantschel  
Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## Klarínnett

Grímur Helgason  
Baldvin Ingvar Tryggvason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Clara Manaud  
Bryndís Þórsdóttir  
Brjánn Ingason

## Horn

Paul Pitzek  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Charlotte Rehm  
Erling Róbert Eydal

## Trompet

Johannes Mielke  
Matthew Sadler  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Jón Arnar Einarsson  
Sigurður Þorbergsson

## Bassabásúna

David Bobroff

## Túba

Vivian Kung

## Harpa

Katie Buckley

## Píanó

Liam Kaplan

## Selesta

Elena Postumi

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Marco Santos  
Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson  
Kjartan Guðnason

## Harmóníka

Jónas Ásgeir Ásgeirsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkelsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*

Tryggvi M. Baldvinsson  
*listrænn ráðgjafi*  
Jökull Torfason  
*verkefnastjóri dagskrárgerðar*  
Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvit Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfsdóttir  
*sviðs- og tæknimaður*

# Á döfinni

17.10

FIMMTUDAGUR  
Kl. 19:30



## Mozart og Schumann

Líkt og svo mörg tónverka Roberts Schumann á fjórða sínfónían sér djúpar og ástríðufullar rætur í einkalífi tónskáldsins. Hann hóf að semja hana skömmu eftir langþráð brúðkaup sitt og Clöru Wieck og fékk hún frumgerð verksins í 22 ára afmælisgjöf. Á þessum tónleikum er það einn fremsti hljómsveitarstjóri Tékklands, Tomáš Hanus, sem stýrir þessu öndvegisverki, en hann steig síðast á svið með Sínfóníuhljómsveitinni í Eldborg fyrir réttu ári.

Einleikari í fjórða hornkonserti Mozarts er Stefán Jón Bernharðsson, leiðari horndeildar Sínfóníuhljómsveitar Íslands, en þetta verður í fyrsta sinn sem konsertinn hljómar í heild sinni á tónleikum hljómsveitarinnar. Verkið er bæði hávirtúósískt og fullt af innilegum, dillandi húmor, ekki síst í hinu fræga, leikandi skemmtilega lokarandói.

Tónleikarnir hefjast á Tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu eftir Béla Bartók þar sem úthugsuð pólyfónía, kraftmikil þjóðlagastef og dulúðug næturtónlist hljóma í bland.

24.10

FIMMTUDAGUR  
Kl. 19:30



Ljósmyndari: Jason Bell

## Yo-Yo Ma leikur Elgar

Bandaríski sellóleikarinn Yo-Yo Ma er einn þekktasti núlifandi hljóðfæraleikari heims og koma hans því sannkallaður stórviðburður í íslensku tónlistarlífi.

Á tónleikumunum leikur Yo-Yo Ma hinn áhrifamikla sellókonsert Elgars með Sínfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Evu Ollikainen. Verkið var samið skömmu eftir lok heimsstyrjaldarinnar fyrri og felur í sér sáran söknuð eftir liðnum tíma. Tónleikarnir hefjast á verkinu Fact of the Matter eftir Hildi Guðnadóttur sem var frumflutt á BBC Proms tónlistarhátíðinni árið 2022.

Verkið hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi í flutningi hljómsveitarinnar ásamt Söngflokknum Hljómeyki. Tónleikunum lýkur með svítum Stravinskíjs úr ballettinum Petrúshku þar sem heyra má í mótun þá kraftmiklu höfundarrödd tónskáldsins sem síðar átti eftir að umbylta tónlistarsögunni til frambúðar.

Laugardaginn 26. október leikur Yo-Yo Ma á sérstökum dúótónleikum í Eldborg með píanóleikaranum Kathryn Stott.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



# Yo-Yo Ma

YO-YO MA LEIKUR ELGAR | 24. OKTÓBER | UPPSELT  
YO-YO MA OG KATHRYN STOTT | 26. OKTÓBER | KL. 20:00

Bandaríski sellóleikarinn Yo-Yo Ma er einn þekktasti núlifandi hljóðfæraleikari heims og koma hans til Íslands því sannkallaður stórviðburður í íslensku tónlistarlífi. Yo-Yo Ma leikur sellókoncert Elgars með Sinfóníuhljómsveit Íslands og kemur einnig fram á sérstökum dúótónleikum með píanistanum Kathryn Stott.

Ekki láta þetta tækifæri fram hjá ykkur fara.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS